

Að gefa jónefnum heiti (IUPAC reglur)

- **Katjónin** er alltaf rituð fyrst
- Ending **fjölatóma** jóna breytist ekki

Katjónir (+ jónir)

- ❖ Katjón (yfirleitt málmar) fær sama nafn og málmurinn sjálfur í lotukerfinu.
- ❖ Hliðarmálmar mynda fleiri en eina gerð jóna. Jónagerðin er táknuð með rómverskum stöfum (I, II, III, IV, V, VI)

Anjónir (- jónir)

- ❖ Anjónir fá endinguna **-íð**
- ❖ O, S, H og N hafa sérnöfn (sjá jónatöflu)

Að gefa sameindaefnum heiti

1. Fyrst er nafnið ritað á frumefninu sem er minna rafneikvætt eða það sem er lengra til vinstri í lotukerfinu.
2. Ef bæði frumefnin eru í sama flokki er það sem er neðar í flokki (hærra lotunúmer) ritað fyrst
3. Nafn seinna frumefnisins er þá ritað á eftir með bili á milli og því gefið viðskeytið **-íð**
4. Fjöldi hvers atóms er svo tilgreindur með því að setja gríska töluorðið sem forskeyti (fyrir framan) á nafn beggja frumefnanna. Monó er þó aldrei notað á fyrra frumefnið